

- 26** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Guð-
 1. febr. mundar Jónssonar og Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli í Dalasýslu, útgefin
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febrúar 1961.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðmundar Jónssonar og
 Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Guðmundar Jónssonar og Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirrituðum fóstursyni þeirra hjóna, með kr. 4000 króna framlagi, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands (aðaldeild nr. 818).

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, það fé sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum, áheitum, eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn, $\frac{2}{3}$ — tveir þriðju — vaxta leggist við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, en síðan ávallt $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — hluta þeirra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er hreppsnefnd Miðdalahrepps.

Þriðja hluta vaxta skal verja til verðlauna fyrir beztu meðferð og hirðingu búfjár, samkvæmt tillögu eftirlitsmanns fóðurbirgðafélags, eða slíks félagsskapar, ef til er. Skulu verðlaun þessi aðeins veitt einum manni eða konu árlega.

Þegar sjóðurinn nemur alls 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, má verja þeim hluta vaxta er fellur til útborgunar til hvers konar menningarstarfsemi í hreppnum, eftir því sem hentast þykir á hverjum tíma, til þroska og hagsældar því fólki, er þar býr.

Ef fé því, sem fellur til útborgunar, er eitthvert ár ekki úthlutað, að nokkru eða öllu leyti, leggst það við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, og færa inn í hana skipulagsskrána, verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum og annað er varðar hag hans og rekstur.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera endurskoðendur hreppsreikninga.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gert 28. jan. 1955.

Flosi Jónsson
 frá Harðarbóli.